


# Menntun fyrir alla á Íslandi

- Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskólum
  - Samþykktar aðgerðir





# Úttektin

- Aðferðin fólgin í tveimur lykilverkefnum
  - Framsetningu á æskilegum viðmiðum um menntun án aðgreiningar sem innlendir aðilar koma sér saman um
  - Söfnun gagna af hálfu Evrópumíðstöðvarinnar til að meta hvernig núverandi stefnumótun og framkvæmd þjónar settum viðmiðum
- Tímasetningar
  - Nóvember 2015 - samningur milli MRN og Em
  - 2016 – unnið að úttekt
  - Mars 2017 – niðurstöður kynntar
  - Maí 2017 – stýrihópur hefur störf
  - Ágúst 2017 – aðgerðaráætlun samþykkt




# Samstarfsaðilar verkefnis

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Velferðarráðuneyti - félags- og jafnréttismál og heilbrigðismál
- Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Kennarasamband Íslands
- Heimili og skóli-landssamtök foreldra
- Skólameistarafélag Íslands
- Háskóli Íslands fyrir hönd kennaramenntastofnana



# „menntunfyriralla.is“



## MENNTUN FYRIR ALLA

er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis, velferðarráðuneytis,

Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Skólameistarafélags Íslands,

Háskóla Íslands fyrir hönd kennaramenntastofnana og Heimilis og skóla.





# Skýrsla Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla á Íslandi



## Menntun án aðgreiningar

Allir í skólasamfélaginu sjái í menntun án aðgreiningar sem leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun.



## Löggjöf og stefnumótun

Löggjöf og stefnumótun á sviði menntunar án aðgreiningar hafi það markmið að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri.



## Framkvæmd stefnu

Stefnunni sem mörkuð hefur verið á sviði menntunar án aðgreiningar sé komið til framkvæmda með árangursríkum hætti á öllum



## Stuðningur starfsfólks

Öllum í skólasamfélaginu, á öllum stigum kerfisins, sé gert kleift að ígrunda og framkvæma dagleg störf sín með menntun án aðgreiningar að leiðarljósi.



## Ráðstöfun fjármuna

Ráðstöfun fjármuna taki mið af sjónarmiðum um jöfnuð, skilvirkni og hagkvæmni.




## Stjórnunarhættir og gæðastjórnunaraðferðir

Stjórnunarhættir og gæðastjórnunaraðferðir tryggji að stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar án aðgreiningar nái fram að ganga á samhæfðan og árangursríkan hátt.



## Fagmenntun og fagleg þróun

Unnið sé að faglegri starfsþróun á árangursríkan hátt á öllum stigum kerfisins.



## Samantekt á helstu atriðum

Hér má finna samantekt á helstu atriðum skýrslunnar.




# Styrkleikar íslenska skólakerfisins

- Allir sammála um að mikilvægt sé að vinna að menntun án aðgreiningar
- Gildandi lög og mörkuð stefna mynda sterkan grunn
- Samhugur er meðal allra um kosti þess að byggja aðalnámskrá á tilteknum grunnþáttum
- Umtalsverður sveigjanleiki er í skólakerfinu og því svigrúm til að innleiða nýjungar
- Íslenska skólakerfið tiltölulega vel fjármagnað
- Vel útfærður rammi viðmiða um gæðamenntun
- Mikill skilningur allra á að mikilvægasta lyftistöngin til að auka gæði menntunar er fagleg starfsþróun starfsfólks skóla



# Helstu niðurstöður úttektar

- Mismunandi skilningur er lagður í hugtakið menntun án aðgreiningar
- Núverandi löggjöf og stefnumótun felur í sér stuðning við markmið og áherslur skólakerfis án aðgreiningar
- Starfsfólk á öllum stigum skólakerfisins hefur ekki notið nægilegs stuðnings
- Flestir telja núverandi tilhögun fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár hvorki taka mið af jafnræðissjónarmiðum né hugmyndum um skilvirkni
- Núverandi stjórnunarhættir og samstarf styðja ekki nægjanlega við menntun fyrir alla
- Efasemdir eru um að grunnmenntun og/eða tækifæri til faglegrar starfsþróunar nýtist sem skyldi til undirbúnings fyrir skólastarf án aðgreiningar



**Þrjár mikilvægar og nátengdar lyftistangir fyrir þróunarstarf í skólakerfinu**





Markmið	2017		2018				2019			
	3	4	1	2	3	4	1	2	3	4
Að allir sem vinna að menntamálum líti á menntun fyrir alla sem grundvöll gæðanáms fyrir alla nemendur										
Að löggjöf og stefnumótun á vettvangi ríkis og sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu menntunar án aðgreiningar á grundvelli réttar hvers og eins										
Að stefna ríkis og sveitarfélaga á sviði menntunar án aðgreiningar festi í sessi stjórnskipulag og gæðastjórnunarkerfi sem stuðla að árangursríkri framkvæmd á öllum skólastigum										
Að fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár auki skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar										
Að grunnmenntun og fagleg starfsþróun grundvallist á stefnu um menntun án aðgreiningar svo allir geti tileinkað sér árangursríka starfshætti										
Að efla og samhæfa stuðningskerfi fyrir öll skólastig svo þjónustan verði samfelld í námsumhverfi menntunar án aðgreiningar										



# Stýrihópur um aðgerðir

## helstu verkefni

- Skipulagning fundaraðar um allt land á haustmánuðum í samstarfi við HÍ og HA
  - annars vegar með forsvarsmönnum sveitarfélaga og ábyrgðaraðilum málaflokka mennta- velferðar- og heilbrigðismála

### Markmið fundar:

- a. Að kynna og ræða helstu tillögur Evrópumiðstöðvar er snerta kerfislægt samstarf sem styður við framkvæmd menntunar fyrir alla og kynna aðgerðaáætlun stýrihóps.
- b. Að ræða samstarf allra aðila í heimabyggð er koma að menntun fyrir alla og leggja drög að myndun tengsla-/samstarfsnets með tengingu við stýrihóp.



# Stýrihópur um aðgerðir

## helstu verkefni

- Skipulagning fundaraðar um allt land á haustmánuðum í samstarfi við HÍ og HA
  - hins vegar með fulltrúum kennara og frístundafólks, stjórnendum leik-, grunn- og framhaldsskóla, fulltrúum foreldra, skóla- og félagsþjónustu og forstöðumönnum skóla-, fjölskyldu- og frístundamála í heimabyggð

### Markmið fundar:

1. Að ræða sameiginlegan skilning á menntun án aðgreiningar sem skólastefnu til að bæta skólastarf og auka jöfnuð meðal allra hópa skólasamfélagsins og framkvæmd stefnunnar.
2. Að ræða mikilvægi lærdómssamfélags og tækifæri til samstarfs og starfsþróunar á hverjum stað. Að ræða þverfaglegt samstarf á sviði mennta-, velferðar- og heilbrigðismála og ráðgjöf við nemendur, starfsfólk og foreldra. Að ræða hvernig aðilar í heimabyggð setja verkefni sem tengjast menntun fyrir alla á dagskrá.



# Stýrihópur um aðgerðir

## helstu verkefni

- Vinna við vefsvæðið „menntunfyriralla.is“
- Samstarf við Samstarfsráð um starfsþróun kennara og stjórnenda og „menntamidja.is“ sem hefur það markmið að:
  - að varpa ljósi á menntun og farsæld nemenda á grundvelli góðra starfshátta og fagmennsku kennara og stjórnenda í skóla án aðgreiningar
  - að safna saman upplýsingum frá kennurum á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskólastigi og í tónlistarskólum um verkefni er tengjast starfsþróun kennara og sýna dæmi um hvernig menntun án aðgreiningar er framkvæmd
  - að allir í skólasamfélaginu sjái í menntun án aðgreiningar leið til að gefa öllum nemendum kost á gæðamenntun
  - að efla samræðuna um hugtakið menntun án aðgreiningar og hvernig best er staðið að framkvæmd stefnunnar

